

Sumar markaður

50-80% afsláttur

Nýtt kortatímabil

Ég man
þegar ég var
15 ára...

Verðdæmi:

Takkaskór barna **kr. 1.395.-**
Allir stuttermabolir **kr. 995.-**
Allir langermabolir og peysur **kr. 1.495.-**
And1 vindbuxur frá **kr. 1.995.-**
Barnaúlpur frá **kr. 2.995.-** (verð áður kr. 9.995.-)
ERREA vindjakkar frá **kr. 995.-**
Columbia stuttbuxur frá **kr. 995.-**
AND1 sportskór **kr. 1.995.-**
Skíðabrettaúlpur frá **kr. 2.995.-** (Verð áður kr. 14.995.-)
Avia dömu-sportskór st.38 **kr. 2.995.-** (Verð áður kr. 9.995.-)
Avia herra-sportskór st.42 **kr. 2.995.-** (Verð áður kr. 9.995.-)

Allur And1 körfuboltafatnaður á hálfvirði
Seljum einnig úrval af Columbia sýnishornum

15
ÁRS
HREYSTI

Í tilefni af 15 ára afmæli okkar
þjóðum við 15% afsl. af
Slendertone Flex tækinu og spennandi
tilboð á fæðubótarefnum.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Fæðubótarefni - Æfingafatnaður - Rafþjálfunartæki
Opíð virka daga 10-18 / laugard 11-14



KORTER

Hátt gengi krónunnar: Hvað er til ráða?

Samtök iðnaðarins boða til opins morgunverðarfundar þriðjudaginn
24. júní kl. 8:00 - 9:30 á Grand Hótel Reykjavík til að ræða hátt gengi
íslensku krónunnar.

Hátt gengi krónunnar, löngu áður en virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir
eru komnar á fulla ferð, kemur á óvart. Ljóst er að iðnaðinum og öðrum
samkeppnisgreinum er ógnað ef ruðningsáhrif af völdum þeirra framkvæmda
verða ráðandi í efnahagslífinu næstu fjögur til fimm árin.

Á fundinum verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

Hvað skýrir hækkun gengisins?

**Hafa fjárfestar ofmetið áhrif
stóriðjuframkvæmda á gengið?**

**Hversu mikil neikvæð áhrif getur
langvarandi hátt raungengi
haft á útflutning og hagvöxt?**

**Hvað er til ráða í efnahagsstjórninni
til að hafa áhrif á lækkun gengisins?**



Frummælendur eru:

- Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI
- Bolli Þór Bollason, forstöðumaður Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins
- Már Guðmundsson, aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands
- Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbanka Íslands

Fundarstjóri:

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI

Fundurinn er öllum opinn.

SI
Samtök iðnaðarins

hvað? hvar? hvenær?

20 21 22 23 24 25 26

Mánudagur

SYNINGAR

☐ Sýning á verkum myndlistarkonunnar **Óskar Vilhjálmsdóttur í Þjóðarbókhöðunni**. Ósk hefur í verkum sínum gjarnan teft saman og kannað eiginleika einkarýmis og almennarýmis. Hún hefur m.a. rannskað þá leyndardóma einkalífisins sem birtast okkur í fjölskylduljósmyndum.



☐ Sýning í anddyri **Norræna hússins** sem nefnist **Vestan við sól og norðan við mána**. Á sýningunni eru ljósmyndir eftir Ragnar Th. Sigurðsson með texta eftir Ara Trausta Guðmundsson. Sýningunni lýkur 31. ágúst.

☐ Samsýning listamanna úr **Gallery VERU í Veitingahúsinu Ránni í Keflavík**. Sýningin stendur til 14. júlí. Sýndar eru landslags- og blómamyndir.

☐ **Lovísa Lóa Sigurðardóttir** myndlistarmaður sýnir í **Rauða húsinu á Eyrarbakka** 11 myndverk unnin í olíu og blandaðri tækni á stríga. Sýningin stendur fram í ágúst.


☐ Sýningin „Í nótt sefur dagurinn“ hefur verið opnuð í **versluninni 12 tónum**. Þetta er þriðja einkasýning **Mary**. Flest eru verkin á sýningunni olíumálverk frá þessu ári.

☐ **Katrín Elvarsdóttir** sýnir á **Mokka**. Sýningin nefnist **Lífsandinn** en á henni má sjá 12 ný verk sem eru seinni hluti myndaraðarinnar Lífsandsa.

☐ Í **Hafnarborg, Hafnarfirði**, stendur nú yfir samsýningin **„Rambelta“**. Þar sýna myndlistarmennirnir Erling T.V. Klingenberg, Elva Dögg Kristinsdóttir, Guðný Rósa Ingimarsdóttir, Gunnar Þór Víglundsson, Högni Sigurþórsson, Ólafur Árni Ólafsson, Líbía Pérez de Siles de Castro, Úlfur Grönvold og Þóra Þórisdóttir.

☐ Þrjár sýningar í **Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu**. Sýningarnar **Humar** eða **frægð – Smekkleysa í 16 ár**, **Innsýn í alþjóðlega samtímalist á Íslandi** og **Erró Stríð**.

☐ **Þóra Sigurþórsdóttir** leirlistakona er með myndlistarsýningu að **Hvirfli í Mosfellsdal**. Sýningin er haldin utandyra.



☐ Höggmyndalistamaðurinn **Teddi** (Magnús Th. Magnússon) verður með sýningu á viðarhöggmyndum á vinnustofu sinni til 1. júlí. Vinnustofan er á horni Skúlagötu og Klapparstígs.

☐ Sýningin **Reykjavík í hers höndum í Íslenska Stríðsárasafninu á Reyðarfirði** er sett upp af Borgarskjalasafni Reykjavíkur og Þór Whitehead sagnfræðingi í samvinnu við Íslenska Stríðsárasafnið.

☐ Sýning á verkum **Matthew Barney** stendur í **Nýlistasafninu**. Sýningin stendur til 29. júní.

☐ **Steinnun Marteinsdóttir** er með sýningu á **Hulduhólum í Mosfellsbæ**. Þar sýnir hún málverk og verk úr leir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

LJÓSMYNDUN



BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR
Myndin **Falskar** tennur eftir Bjargeyju Ólafsdóttur er ein þeirra sem þrýða sýninguna. Sýningunni er ætlað að varpa ljósi á íslenskan samtíma og stendur nú yfir Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum.

Samtíminn festur á filmu

Þetta er yfirlit um íslenska samtímaljósmyndun. Sýning sýnir fjölbreytnina og breiddina sem er ríkjandi í ljósmyndun í dag,“ segir Eiríkur Þorláksson, sýningastjóri og forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur. Sýningin er að stofninum til unnin fyrir sýningu sem sett var upp í Moskvu á síðasta ári. „Við efndum til samstarfs við ljósmynda-safn í Moskvu sem fólst í því að við sendum sýningu til þeirra og þeir síðar til okkar. Sýningin sem hélt utan var tvíþætt, annars vegar var um samtímaljósmyndun að ræða og hins vegar var sýning um íslenska ljósmyndun frá 19. öld til fyrri hluta 20. aldar en sá hluti var úr ljósmynda-safni Þjóðminjasafnsins.“

Eftir að sýningin kom heim þótti forráðamönnum hennar eftirsóknarvert að setja hana einnig

upp hér á landi að sögn Eiríks. „Sýningin er mjög fjölbreytt og sýnir nánast allt undir regnboganum. Á henni má sjá verk eftir allra bestu landslagsljósmynda-ana og eins myndir eftir listamenn sem hafa unnið með fjölbreyttara listform en á einhverju skeiði valið ljósmyndina sem form. Á sýningunni kennir því ýmissa grasa.“

Aðspurður segir Eiríkur sýninguna hafa fengið góð viðbrögð í Rússlandi en þar eins og hér hafi sýningargestir skipst í tvo hópa, þá sem áhuga hafa á því nýja og hins vegar því gamla.

Þess má geta að hinn hluti sýningarinnar verður settur upp við opnun Þjóðminjasafnsins á næsta ári.

Sýningin er í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, og er til 17. ágúst. ■